



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/1728
komudagur 22.2.2013

Kirkjubæjarklaustur, 18. febrúar 2013

Efni: Umsögn Skaftárhrepps um tillögu til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi, 84. mál.

Þann 7. febrúar barst tölvupóstur frá nefndarsviði Alþingis þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir Skaftárhreppi til umsagnar tillögu til þingsályktunar um breytta framtíðarskipan refaveiða á Íslandi, 84. mál. Þar er þess óskað að umsögn berist í síðasta lagi 22. febrúar.


Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar fyrir þetta tækifæri til að gera athugasemd við tillöguna.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps styður eindregið framkomna tillögu til þingsályktunar um breytta skipan refaveiða á Íslandi.

Tillagan gerir ráð fyrir að tekið verði á þessum málum að hálfu ríkisvaldsins, í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga og að refastofninum verði haldið í skefjum á landinu öllu, þ.m.t. miðhálandinu, í þjóðgörðum og öðrum friðuðum svæðum.

Mjög brýnt er að brugðist verði sameiginlega við ört vaxandi stofnstærð refsins og með því náð aftur betra jafnvægi í fjölbreyttu fugla- og dýralífi landsins.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar Skaftárhrepps,


Eygló Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

